



Greinargerð vegna athugasemda við tillögu að deiliskipulagi Skógarhverfis 5. áfanga

1. **Auglýst nýtt deiliskipulag Skógarhverfi 5. áfang**

Deiliskipulagstillagan afmarkast að suðri af Ketilsflöt og Flatahverfi, Þjóðbraut til vesturs, skógræktarsvæðinu þverkelda til norðurs og skógræktarsvæðis Lækjarbotna, Skógarhverfi 3C til austurs ásamt Asparskógum 25 til vesturs. Skipulagssvæðið er 10,3 ha, gert er ráð fyrir blandaðri íbúðabyggð í tveggja hæða fjölbýlishúsum og einnar og tveggja hæða sérþýlishúsum og ásamt hærri fjölbýlishúsum vesturjaðri hverfisins.

2. **Kynningarferli**

Haldinn var kynningarfundur 10. júní 2021.

Bæjarstjórn samþykkti að auglýsa skipulagstillöguna á fundi sínum 24. ágúst 2021 og var hún auglýst með athugasemdafresti frá 4. nóvember til og með 23. desember 2021.

Tillagan var auglýst í Lögbirtingablaðinu, 8. nóvember, Morgunblaðinu, 3. nóvember Skessuhorni og Póstinum.

3. **Athugasemdir við deiliskipulagstillöguna.**

Gerð var athugasemd frá Veitum sem óskar eftir að gert verði ráð fyrir settjörn frá „G-götu“ sem gert er ráð fyrir að taki við regnvatnslögn í götunni á leið í ofanvatnsrás. Tekið verði tillit til veitukerfa í framkvæmdaröð við uppbyggingu svæðisins.

Svar við athugasemd:

Sameiginlegir fundir vegna gatnahönnunar hafa verið milli Veitna og Akraneskaupstaðar til að tryggja samræmi í hönnun. Lagt er til að settjörn verði milli lóða G13 og G15. Tjörn verði sýnd á skýringaruppdrætti Skógarhverfis 5.

Stjórn hestamannafélagsins Dreyra gerir athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir umferð hestamanna í nýrri skipulagstillögu og óskar eftir að sett verði reiðleið inn í skipulagsuppdráttinn. (fylgiskjal riss af reiðleið)

Svar við athugasemd:

Stjórn hestamannafélagsins Dreyra gerir athugasemd við að ekki er gert ráð fyrir umferð hestamanna í nýrri skipulagstillögu og óskar eftir að sett verði reiðleið inn í skipulagsuppdráttinn. (fylgiskjal riss af reiðleið)

Akranesi 6. janúar 2022

Greinargerð þessi var samþykkt á fundi skipulags- og umhverfisráðs 10. janúar 2022